

## Skýrsla um gagnsæi 2014

### Aukinn sýnileiki



# Efnisyfirlit

Staðfesting stjórnar og forstjóra..	2
Inngangur.....	3
Félagsform og eignarhald.....	5
Gæði.....	8
Óhæði, hagsmunaárekstrar og siðamál.....	11
Fjárhagsupplýsingar.....	13
Starfskjör eigenda.....	14
Almannahagsmunir.....	15

# Staðfesting stjórnar og forstjóra

Skýrsla Deloitte ehf. um gagnsæi fyrir árið 2013 er gerð í samræmi við 29. gr. laga nr.79/2008 um endurskoðendur



Samkvæmt lögum um endurskoðendur skulu endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum árlega birta á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi.

Í skýrslu þessari koma fram þau atriði sem kveðið er á um í áður nefndri grein laganna. Þar á meðal er lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi félagsins og upplýsingar um óhæðisreglur sem fylgt er.

Stjórn og forstjóri Deloitte ehf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að í skýrslunni komi fram öll þau atriði sem kveðið er á um í 29. grein laga nr. 79/2008. Jafnframt lýsir stjórn félagsins því yfir að innra eftirlitskerfi félagsins, eins og því er lýst í skýrslunni, er skilvirkt og staðfestir að þeim óhæðisreglum, sem félaginu ber að fylgja og lýst er í skýrslunni, hafi verið fylgt.

Kópavogur, 28. febrúar 2014

Í stjórn Deloitte ehf.

  
Knútur Þórhallsson, stjórnarformaður

  
Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

  
Sif Einarsdóttir

  
Halldór Arason

  
Páll Grétar Steingrímsson

  
Þorvarður Gunnarsson, forstjóri

# Inngangur



## Ávarp Þorvarðar Gunnarssonar, forstjóra Deloitte ehf.

### Nýjar reglur frá Evrópusambandinu

Nýlega voru lagðar fram tillögur að nýrri reglugerð Evrópusambandsins ( ESB ) er varða endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum. Einnig voru lagðar fram tillögur um breytingu á tilskipun ESB um ársreikninga þar sem skilgreining á einingum tengdum almannahagsmunum er uppfærð. Hvað Ísland varðar er samsvarandi skilgreining um einingar tengdar almannahagsmunum í lögum um endurskoðendur. Hér er um að ræða félög með skráð verðbréf á verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagsvæðisins ( EES ), lánastofnanir, váttryggingafélög og lífeyrissjóði.

Hinar nýju reglur fela í sér töluverðar breytingar fyrir endurskoðendastéttina, en aðlögunartíminn sem við höfum er um 2 ár eftir gildistöku ESB reglugerðarinnar. Þar sem Ísland er bundið af löggjöf ESB innan EES samningsins í þessum efnum tel ég rétt að fjalla aðeins nánar um þessar nýju reglur hér.

Líkt og ég hef áður sagt í ræðu og riti þá tel ég að margt sé jákvætt í þessum tillögum, svo sem viðbætur við skýrslu endurskoðenda, ákvæði um boðskipti milli endurskoðenda og endurskoðunarnefnda félaga, bann við takmörkunum í útboðum um að eingöngu fjögur stærstu alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækin sitji að útboðinu og tilraunir til að samræma endurskoðunarstaðla innan sem utan ESB. Allt þetta getur styrkt óhæði endurskoðenda og stuðlað að samkeppni.

Engu að síður tel ég að að annað í þessum nýju reglum geti haft í för með sér breytingar sem ég efast um að séu til þess fallnar að auka gæði endurskoðunar heldur munu jafnvel leiða til takmörkunar á vali á þjónustuaðilum, auka flækjustig og þar með kostnað fyrir viðskiptalífið. Sem dæmi um slíkt má nefna lögboðna útskiptingu endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja og frekari takmarkanir á þeirri ráðgjafarþjónustu sem endurskoðendum er leyfilegt að veita til fyrirtækja sem þeir endurskoða.

Hinar nýju reglur fela m.a. í sér eftirfarandi breytingar:

*Lögboðin útskipting endurskoðunarfyrirtækja.* Fyrirtæki sem flokkast undir að vera eining tengd almannahagsmunum þurfa nú að skipta um endurskoðunarfyrirtæki að minnsta kosti á 10 ára fresti. Hér er ESB reglugerðin rýmri heldur en íslensku lögin um fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög, þar sem lögboðin útskipting endurskoðunarfyrirtækja hérlendis þarf að fara fram að minnsta kosti á 5 ára fresti. Með lögboðinni útskiptingu endurskoðunarfyrirtækja er félögum ekki lengur heimilt til að velja sér hæfasta endurskoðandann heldur eru þau bundin af því að ráða nýja endurskoðendur með reglulegu millibili. Með því móti skapast hættu á að mikilvæg og dýrmæt reynsla og þekking á fyrirtækinu fari forgörðum með tilheyrandi óhagræðingu og kostnaði.

*Frekari takmörkun á annarri þjónustu.* Settar eru miklar takmarkanir á aðra ráðgjafavinnu og þjónustu sem endurskoðandi einingar tengdri almannahagsmunum má veita. Þetta eru strangari reglur en gilt hafa fram að þessu sem voru í samræmi við alþjóðlegar siðareglur endurskoðenda.

# Inngangur frh.

Hér er m.a. um að ræða takmarkanir á hvers konar skattaþjónustu, þjónustu á sviði innri endurskoðunar, ráðgjöf í starfsmannamálum auk ýmis konar fjármálatengdrar þjónustu.

*70% þak á þóknun.* Þóknun fyrir aðra þjónustu má aldrei fara yfir 70% af meðalþóknun vegna endurskoðunar sl. 3ja ára.

Nokkur jákvæð skilyrði hafa þó líka verið sett í reglugerðina svo sem ítarlegri upplýsingar í endurskoðunarskýrslum sem eru aðlagðar að þörfum fjárfesta og stjórnenda og ákveðin skref í átt að samræmdum endurskoðunarstöðlum. Auk þess eru sett skilyrði fyrir því að minni endurskoðunarfyrirtæki fái að taka þátt í útboðum og sitji þannig við sama borð og stóru endurskoðunarfyrirtækin og ákveðnar aðgerðir kynntar til að koma á mikilvægum samskiptum milli endurskoðenda og endurskoðunarnefnda.

Í heildina er mikilvægt fyrir okkur að hafa í huga að kostnaður vegna breytinganna fyrir endurskoðuð fyrirtæki má ekki undir neinum kringumstæðum verða meiri en ávinningurinn sem fæst með hertari reglum.

Breytingar á endurskoðunarmarkaðinum mega ekki skaða gæði endurskoðunar á nokkurn hátt og við þurfum að gæta þess að slíkar breytingar séu í samræmi við það sem er að gerast á öðrum markaðssvæðum og hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á fjármagnsmarkaði og hagvöxt.

Það er líka mikilvægt fyrir okkur hér á Íslandi að okkar löggjöf sé í samræmi við löggjöf ESB hvað varðar endurskoðun og endurskoðendur. Það er ekki til bóta að setja séríslenskar reglur eins og gert var varðandi lög um fjármálafyrirtæki og váttryggingastarfsemi þar sem lögboðin var útskipting endurskoðunarfyrirtækja eftir 5 ár og algjört bann sett við annarri þjónustu. Ég hvet til þess að þessi lög verði endurskoðuð og samræmd hinum nýju reglugerðum ESB, sem sett er í kjölfar margra ára umræðu og yfirferðar í stofnunum Evrópusambandsins.

## Tímamót

Árið 2014 er tímamótaár hjá Deloitte á Íslandi, en í ár fagnar fyrirtækið 20 ára afmæli sínu hér á landi. Deloitte ehf. byggir hins vegar starfsemi sína á grunni sem rekja má allt aftur til 1930, en grunnstoðir Deloitte koma frá fjórum rötgrónum endurskoðunarskrifstofum.

Margt hefur breyst frá því að Deloitte var stofnað á Íslandi og hefur fyrirtækið vaxið og dafnað mikið á þessum árum. Þegar Deloitte á Íslandi gerðist fullgildur aðili að Deloitte þann 15. mars 1994 störfuðu þar 25 starfsmenn og velta félagsins var ríflega 100 mkr. Í þá daga taldist félagið vera 4. stærsta endurskoðunarfyrirtækið á markaðnum, sem einkenndist af einu stóru fyrirtæki og mörgum smáum.

Það er þakklæti sem er mér efst í huga þegar ég lít yfir farinn veg. Þakklæti fyrir að hafa fengið að stýra þeirri uppbyggingu sem hefur orðið á félaginu og þakklæti fyrir að hafa fengið að vinna með traustum viðskiptavinum Deloitte og frábæru starfsfólki sem við höfum haft á að skipa í gegnum tíðina.

Í dag er Deloitte öflugt endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki, eitt af tveimur stærstu fyrirtækjum á þeim markaði á Íslandi. Veltan er nálægt 3,1 milljarði á ári og hagnaður hefur verið viðunandi undanfarin ár. Í lok yfirstandandi reikningsárs verð ég búin að stýra þessu fyrirtæki í þau 20 ár sem við höfum verið hluti af Deloitte og í raun lengur því ég tók við sem framkvæmdastjóri hjá Endurskoðun Sig. Stefánssonar árið 1987. Síðustu 20 ár hafa verið ár mikilla breytinga og okkur hefur tekist að umbreyta félaginu úr miðlungsstórri endurskoðunarstofu í öflugt endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki. Ekkert af því sem við höfum náð fram hefði verið mögulegt nema að því að meðeigendahópurinn hefur verið sterkur og við höfum haft yfir að ráða úrvals starfsfólki á öllum sviðum. Nú er komið að tímamótum en ég mun láta af störfum sem forstjóri félagsins þann 1. júní 2014.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllu því frábæra fólki sem ég hef kynnst og starfað með og fyrir á þessum 20 árum í forstjórastóli Deloitte.

# Félagsform og eignarhald

## Eigendur Deloitte ehf. leggja áherslu á gæði og heilindi í sínum vinnubrögðum

### Félagsform

Deloitte ehf. er einkahlutafélag með skráða starfsemi 69.20.0, Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf. Lögheimili félagsins er að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Deloitte ehf. varð fullgildur aðili að alþjóðafyrirtækinu Deloitte Touche Tohmatsu Limited þann 15. mars 1994. Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL) er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Deloitte ehf., líkt og hvert aðildarfélag, veitir þjónustu á tilteknu landsvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited er eitt af stærstu fyrirtækjum heims á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Um 200.000 manns starfa hjá aðildarfélögum í yfir 150 löndum um allan heim. Það er leiðandi á sínu sviði og þjónar stærstu fyrirtækjum heims, auk þess að þjóna stórum og smáum atvinnurekstri í þeim löndum þar sem það er með starfsemi.

Aðild Deloitte ehf. að DTTL veitir félaginu aðgang að miklum upplýsingum og hefur aukið þekkingu og hæfni starfsmanna. Með aðildinni eru lagðar skyldur á félagið um að uppfylla fjölmargar kröfur um gæði veittrar þjónustu og öguð vinnubrögð.

### Eignarhald

Eigendur Deloitte ehf. eru þrjátíu og níu, þar af eru 35 löggiltir endurskoðendur. Eigendur félagsins hafa verið virkir í starfi Félags löggilttra endurskoðenda (FLE), bæði með setu í stjórn félagsins og með störfum í fagnefndum. Lista yfir meðeigendur er að finna á heimasíðu félagsins, [www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

Eigendur félagsins starfa allir hjá félaginu, en auk þeirra starfa hjá því um 153 aðrir starfsmenn, þannig að heildarstarfsmannafjöldi er um 192. Hjá fyrirtækinu starfa ýmsir sérfræðingar með fjölbreytta menntun, t.d. viðskiptafræðingar, rekstrarfræðingar og lögrfræðingar, ásamt öðrum almennum starfsmönnum.



# Félagsform og eignarhald

## Stjórnskipulag

Í samþykktum félagsins er stjórnskipulag þess tilgreint og þar kemur fram að æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmeðtra hluthafafunda, þar á eftir stjórn félagsins og að lokum forstjóra félagsins.

## Stjórn félagsins

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn á aðalfundi félagsins 4.10.2013:

**Knútur Þórhallsson**, formaður stjórnar, **Sif Einarsdóttir**, meðstjórnandi, **Anna Birgitta Geirfinnsdóttir**, meðstjórnandi, **Halldór Arason**, meðstjórnandi, **Páll Grétar Steingrímsson**, meðstjórnandi, **Jónas Gestur Jónasson**, varamaður og **Pálína Árnadóttir**, varamaður.

Firmað ritar meirihluti stjórnar.

## Forstjóri

Forstjóri félagsins þróar stefnumótun sem samþykkt er af stjórn og stýrir innleiðingu á samþykktum stefnumótun. Forstjóri hefur yfirumsjón með eigendum, aðstoðar eigendur í að setja sér markmið, er til ráðgjafar og metur eigendur ásamt því að aðstoða eigendur við þróun í starfi. Forstjóri ber ábyrgð á rekstrar- og fagsviðum, er fulltrúi gagnvart Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL) og situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt án atkvæðaréttar. Forstjóri kemur einnig með tillögur til stjórnar um breytingu á eigendahóp, hefur umsjón með að halda í eða ná stórum viðskiptavinum, sér um ráðningar á lykilstjórnendum sem eru samþykktar af stjórn, innleiðir ákvarðanir stjórnar og meðeigendafunda, upplýsir stjórn um rekstur og annað tilfallandi sem stjórn felur honum.

## Starfsreglur stjórnar

Stjórnarformaður félagsins hefur ýmsum skyldum að gegna, m.a. að stýra stjórnar- og hluthafafundum, vera fulltrúi fyrirtækisins við utanaðkomandi fagaðila og reglugerðaraðila, viðhalda sambandi við Lykilviðskiptavinum, taka þátt í megin markaðsviðburðum og öðru sem ákveðið er á hluthafafundi eða í hluthafasamkomulagi.

Stjórn félagsins mótar stefnu félagsins og samþykkir rekstraráætlanir, ársreikning, skipurit og skipun í stjórnunarstöður, laun og arðgreiðslur til eigenda til staðfestingar á eigendafundi, dagskrá eigendafundar og tillögur á eigendafundum. Stjórnin gerir einnig tillögur fyrir eigendafund um breytingu á eigendahópnum, kemur með tillögu um óháðan endurskoðanda félagsins sem er samþykktur á aðalfundi, tryggir að nægilegt eftirlit sé með fjárreiðum fyrirtækisins og annað sem er ákveðið á eigendafundi eða í starfsreglum stjórnar.

## Framkvæmdaráð

Í framkvæmdaráði sitja: Þorvarður Gunnarsson, forstjóri, Margrét Sanders, framkvæmdastjóri rekstrar, Lárus Finnbogason, sviðsstjóri endurskoðunar- og reikningsskilasviðs, Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs, Ágúst Heimir Ólafsson, sviðsstjóri FAS (fjármálaráðgjafar Deloitte) og Guðmundur Kjartansson, áhættu- og gæðastjóri.

Framkvæmdaráð aðstoðar forstjóra við að framkvæma sitt ábyrgðarsvið og samræma upplýsingagjöf. Framkvæmdaráði er stjórnað af forstjóra, tilnefnt af forstjóra og samþykkt af stjórn.

# Félagsform og eignarhald

## Sviðsstjórar fagsviða

Sviðsstjórar fagsviða bera ábyrgð á fjárhagslegum og faglegum rekstri sviðsins, tæknilegri þróun og ráðgjöf og að þróa og viðhalda faglegum vinnubrögðum. Sviðsstjórar innleiða gæðakerfi, fylgjast með samþykkt nýrra viðskiptavina og verkefna og bera ábyrgð á áhættustýringu fagsviðsins í samráði við áhættu- og gæðastjóra, Risk and Reputation Leader, (RRL).

## Áhættu- og gæðastjóri (RRL)

Áhættu- og gæðastjóri ber ábyrgð á eftirfarandi þáttum í samræmi við verklagsreglur Deloitte: Áhættustýring, óhæði, siðamál, öryggismál, gagnavernd, verndun persónuupplýsinga, starfsábyrgðartryggingar, stjórnun kröfumála og annað sem er í samræmi við verkswið RRL.

## Endurskoðunar- og reikningsskilasvið

**Lárus Finnbogason** er sviðsstjóri endurskoðunar- og reikningsskilasviðs. Endurskoðunar- og reikningsskilasvið skiptist síðan í þrjú undirsvið; endurskoðun, reikningsskil og áhættuþjónusta ERS (Enterprise Risk Services). **Pálína Árnadóttir** er forstöðumaður endurskoðunarþjónustu (NPPD – Member Firm Professional Practice Director). Forstöðumaður endurskoðunarþjónustu ber ábyrgð á faglegum málefnum á endurskoðunarsviði og til stuðnings því hlutverki er sérfræðihópur; ACE hópurinn (Audit Center of Excellence). **Þorsteinn Pétur Guðjónsson** er forstöðumaður reikningsskilþjónustu og ber ábyrgð á faglegri ráðgjöf á sviði reikningsskila. Meðal verkefna reikningsskilasviðs er ráðgjöf við úrlausn viðfangsefna á sviði reikningsskila og gerð árs- og árshlutareikninga. **Lárus Finnbogason** er forstöðumaður áhættuþjónustu ERS. Áhættuþjónusta Deloitte ehf. leggur áherslu á innri endurskoðun, endurskoðun á öryggismálum í upplýsingakerfum og athugunum á tölvueftirlitsþáttum. Sviðið býður einnig ráðgjöf í þáttum er varða upplýsingaöryggi.

## Óháður endurskoðandi félagsins

Kjörinn endurskoðandi félagsins er Guðlaugur Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi.





# Gæði

Deloitte ehf. starfar eftir  
viðurkenndum  
alþjóðlegum gæða-ferlum  
byggðum á reglum  
Deloitte Touche Tohmatsu  
Limited



## Gæðamál á endurskoðunarsviði

Deloitte leggur mikla áherslu á að veita þjónustu í hæsta gæðaflokki.

Til að ná þessu markmiði leitumst við ávallt við að hafa á að skipa hæfileikaríku og öflugu starfsfólki auk þess sem við höfum innleitt öflugt gæða-efirlitskerfi og verklagsreglur sem byggja á reglum alþjóðafyrirtækisins DTTL sem Deloitte ehf. er aðili að.

Við höfum sett okkur reglur um hvernig teymi sem vinna að endurskoðunarverkefnum skuli skipuð með hliðsjón af mati á áhættu, þörf fyrir sérfræðipækkingu og öðrum atriðum sem máli skipta. Störf innan hvers vinnuteymis eru byggð á skilgreindum stöðuheitum, sem segja til um skiptingu verka og ábyrgðar innan teymisins.

Eigandi ber alltaf ábyrgð á þjónustunni sem veitt er til að tryggja gæði hennar. Í öllum stærri verkefnum eru tveir eigendur ábyrgir fyrir verkefninu og árita það sameiginlega. Þetta tryggir víðsýni við lausn verkefna og eykur gæði.

Hjá Deloitte ehf. er starfandi forstöðumaður endurskoðunarþjónustu og honum til stuðnings hópur sérfræðinga í endurskoðun. Hann ber ábyrgð á faglegum málum og gæðamálum á endurskoðunarsviði og er eigendum til stuðnings. Með sama hætti er starfandi hjá Deloitte ehf. forstöðumaður reikningssskilapjónustu, studdur af hópi sérfræðinga á reikningssskilasviði sem leiðbeinir og styður eigendur til að tryggja gæði þjónustunnar sem veitt er.

# Gæði

## Kerfisbundin endurskoðunarvinna

Endurskoðun hjá viðskiptavinum okkar byggir á endurskoðunaraðferðum og endurskoðunarkerfi sem þróað hefur verið hjá alþjóða endurskoðunaryfirtækinu Deloitte Touche Tohmatsu Limited sem fyrirtækið er aðili að. Kerfið byggir á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA).

Í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla er höfuðáhersla lögð á að skoða þá reikningsliði og innri eftirlitsþætti þar sem hættu á verulegum skekkjum er mest.

Framkvæmd endurskoðunarinnu okkar byggir á endurskoðunarhandbók Deloitte, sem nefnist „Audit Approach Manual“ og er aðferðafræðin notuð af Deloitte um allan heim til að tryggja fagleg og samræmd vinnubrögð. Deloitte notar endurskoðunarkerfi sem byggir á tölvuvæddum lausnum. Kerfið heitir „AuditSystem/2“ og er hugbúnaðurinn þróaður í samvinnu við Microsoft. Kerfið gefur heildstæðan ramma fyrir skipulagningu, framkvæmd, skráningu og yfirferð á endurskoðunarinnunni til að tryggja gæði hennar.

Með notkun endurskoðunarkerfisins eru eftirlitsþættir skoðaðir m.a. með því að skoða verkferla og kerfislýsingar. Megin áherslan er lögð á að finna og greina aðgerðir hjá viðskiptavininum þar sem eftirlit fer fram og þar sem eftirlit er þörf. Endurskoðunarinnan tekur síðan mið af þeirri áhættu sem felst í einstaka eftirlitsþáttum. Mesta áherslan er því á eftirlit þar sem um aukna áhættu er að ræða og þar sem skiptir mestu máli fyrir stjórnendur og starfsemi í heild að öryggi sé tryggt.

## Þjálfun og endurmenntun

Til að tryggja gæði þeirrar vinnu sem við innum af hendi, leggjum við mikla áherslu á þjálfun og endurmenntun starfsmanna okkar og þjálfun endurskoðunarnema.

Með reglubundnum hætti fer fram mat á frammistöðu hvers starfsmanns Deloitte ehf. og eru í framhaldi af því sett markmið um þjálfun og þróun hans.

Þjálfun og endurmenntun starfsmanna Deloitte ehf. byggir á árlegu mati á þörf fyrir þekkingu og færni. Menntahópur hefur með höndum greiningu þjálfunarþarfa og hönnun árlegrar þjálfunaráætlunar. Þar er kveðið á um hvaða skyldunámskeið starfsmenn þurfa að taka, hvaða forkröfur eru gerðar og hvaða valnámskeið standa til boða. Það er gert til að tryggja að hver starfsmaður á endurskoðunarsviði nái að uppfylla DTTL staðal fyrir þjálfun, sem kveður á um 40 klst. formlega þjálfun á ári eða í það minnsta 120 klst. yfir þriggja ára tímabil.

Formleg námskeið eru haldin fyrir starfsfólk í samræmi við kröfur þess starfs sem hver og einn gegnir. Mest áhersla er lögð á faglega færni fyrst um sinn, en þjálfun í stjórnun og persónufærni eykst með aukinni stjórnunarábyrgð og reynslu starfsmanna. Haldin er skrá yfir þá formlegu þjálfun og endurmenntun sem starfsmenn sækja.



# Gæði

## Gæðaeftirlit

Við höfum til staðar öflugt gæðaeftirlit til að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem við veitum. Gæðaeftirlit okkar felur meðal annars í sér:

Verkefni sem við áritum með endurskoðunaráritun eða gefum með öðrum hætti álit á, fara allflest í gegnum gæðaeftirlit, svokallað EQCR (Engagement Quality Control Review), áður en gengið er endanlega frá álitinu í samræmi við gæðahandbók Deloitte. Einungis minni verkefni með eðlilega áhættu eru undanþegin slíku EQCR gæðaeftirliti.

Árlega er framkvæmt gæðaeftirlit að kröfu alþjóðafyrirtækisins DTTL sem Deloitte ehf. er aðili að. Eftirlitið er framkvæmt með úrtakskönnunum á einstökum verkefnum sem og virkni gæðakerfa fyrirtækisins. Markmiðið með þessu árlega eftirliti er að tryggja að ítrustu kröfum Deloitte á alþjóðavísu sé fylgt. Gæðaeftirlitsmenn eru bæði innlendir og erlendir aðilar og eigandi frá öðru aðildarfyrirtæki hefur yfirumsjón með gæðaeftirlitinu. Síðast fór slíkt gæðaeftirlit fram í september 2013 og voru niðurstöður þess góðar. Einungis var um að ræða óverulegar ábendingar og athugasemdir í einstaka verkefnum frá gæðaeftirlitsmönnum.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur er endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum skylt að sæta gæðaeftirliti endurskoðendaráðs á a.m.k. 3 ára fresti.

## Vöktun og eftirfylgni með áhættu- og gæðamálum

Skýrslur um niðurstöður framangreindra kannana eru lagðar fyrir stjórn Deloitte og gerðar eru aðgerðaáætlanir um úrbætur í gæðamálum ef þörf er á.

DTTL fylgist vel með gæðamálum hjá félaginu og eru árlega gerðar skýrslur um stöðu gæðamála sem sendar eru alþjóðafyrirtækinu.

Til að tryggja eftirfylgni með gæðakröfum Deloitte hefur félagið skipað sérstakan áhættu- og gæðastjóra til að fylgjast með því að stefnu og settum reglum gæðastjórnunar innan Deloitte sé fylgt. Á endurskoðunarsviði er auk þess starfandi sérstakur áhættustjóri endurskoðunarsviðs.

Hjá félaginu starfar áhættunefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með áhættu einstakra verkefna og viðskiptamanna. Auk þess hefur nefndin ýmis önnur verkefni sem varða áhættustýringu.

Við endurmetum gæðaeftirlitskerfi okkar með reglubundnum hætti og teljum að þau séu skilvirk og til þess fallin að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem Deloitte ehf. veitir í samræmi við þá stefnu okkar að veita ávallt þjónustu í hæsta gæðaflokki.

Reglur um siða- og óhæðismál eru aðgengilegar starfsfólki á innri vef félagsins.

Árlega er óskað eftir yfirlýsingum frá starfsfólki og stjórnendum um að reglunum hafi verið fylgt.

Árlega er fylgst með því hvort tekjur Deloitte ehf. vegna þjónustu við einn viðskiptamann fari fram úr 20% af heildarveltu þess þrjú ár í röð samfellt.



# Óhæði, hagsmunaárekstrar og siðamál

Við höfum innleitt góð kerfi og verklagsreglur til að tryggja hlutleysi starfsmanna okkar og félagsins, til að forðast hagsmunaárekstra og til að fylgja eftir siðareglum og öðrum viðeigandi faglegum stöðlum



Á árinu 2011 tóku gildi uppfærðar siðareglur endurskoðenda, bæði siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og siðareglur alþjóðasamtaka fagfélaga endurskoðenda ( IFAC; Code of Ethics for Professional Accountants). Í þessum uppfærslum birtust nýjar reglur sem og breytingar á eldri ákvæðum, einkum í óhæðiskafla siðareglanna. Við höfum innleitt þessar viðamiklu reglur í allt verklag okkar.

## Siðareglur Deloitte

**Heiðarleiki og heilindi** – við erum hreinskiptin og heiðarleg í faglegum og viðskiptalegum samskiptum

**Fagleg hegðun** – við störfum eftir viðeigandi lögum og faglegum stöðlum

**Hæfni** – okkar framlag er viðeigandi fagleg hæfni og þekking

**Hlutlægni** – við gætum hlutlægni í vinnu okkar og í þeirri ráðgjöf sem við veitum

**Trúnaður** – við virðum þagnarskyldu okkar og trúnað

**Sanngjarnir viðskiptahættir** – við skuldbindum okkur til sanngjarnra viðskiptahátta

**Samfélagsleg ábyrgð** – við virðum þau áhrif sem við höfum á samfélagið

**Virðing og sanngirni** – við komum fram við starfsfélaga okkar af virðingu, kurteisi og sanngirni

**Ábyrgð og réttar ákvarðanir** – sameiginleg gildi byggja grunn að hegðun okkar

Okkar sameiginlegu gildi eru:

**Gæði, Heilindi, Ein heild, Ferskleiki**

## Óhæði og hagsmunaárekstrar

Hjá Deloitte starfar eigandi sem er yfirmaður óhæðismála og undir hans stjórn starfa 2 starfsmenn sem aðstoða starfsfólk okkar við að fylgja eftir faglegum kröfum um óhæðismál samkvæmt verklagsreglum Deloitte, siðareglum endurskoðenda og íslenskum lögum. Við höfum yfir að ráða öflugum hugbúnaði og gagnagrunnum sem gera okkur kleift að tryggja óhæði okkar og forðast hagsmunaárekstra við samþykki verkefna og viðskiptamanna.

# Óhæði, hagsmunaárekstrar og siðamál

## Siðamál

Samkvæmt lögum um endurskoðendur sem tóku gildi 1. janúar 2009 skulu allir endurskoðendur á Íslandi fylgja siðareglum sem settar hafa verið af félagi löggiltra endurskoðenda. Siðareglurnar eru aðgengilegar öllum á ytri vef félags löggiltra endurskoðenda. Yfirmaður siðamála hjá Deloitte er einn af meðeigendum félagsins og starfar ásamt mannauðsstjóra að þessum málum. Starfsmenn hafa tækifæri til að koma á framfæri nafnlausum tilkynningum um brot á siðareglum, sjá nánar kaflann um trúnaðartilkynningar.

## Tækni og aðferðir

Samþykktarkerfi okkar, eftirfylgni og upplýsingakerfi eru þróuð af DTTL. Kerfið er hannað til að auðvelda okkur að stýra, skrásetja og hafa eftirlit með fylgni við óhæðisreglur, hagsmunaárekstra og siðamál. Áður en við samþykkjum nýtt verkefni og/eða nýjan viðskiptamann metum við hvort verkefnið eða viðskiptamaðurinn ógni óhæði okkar eða hafi í för með sér hagsmunaárekstra. Við könnum einnig þegar við á, bakgrunn eigenda og stjórnenda fyrirtækja í samræmi við lög og reglur. Við fylgjumst einnig með fjárfestingum eigenda og starfsfólks til að vernda óhæði og hlutleysi Deloitte ehf., verkefnateyma og alls starfsfólks.

## Námskeið

Allir faglegir starfsmenn fara á námskeið þar sem lögð eru fram raunhæf dæmi í óhæðis- og siðamálum en með því öðlast þeir færni við að leysa raunveruleg vandamál. Auk þess eru sérhæfðir starfsmenn til taks við ráðgjöf og til að taka á móti trúnaðartilkynningum um hegðun sem ekki telst fylgni við reglurnar.

## Starfstími endurskoðanda

Við höfum innleitt reglur um að sami endurskoðandi geti ekki þjónað einingum tengdum almannahagsmunum, eins og þeir eru skilgreindir í lögum um endurskoðendur, samfelld lengur en í sjö ár og þurfa þeir þá að taka sér a.m.k. tveggja ára samfelld hlé. Einnig þarf að greina endurskoðunarnefndinni frá þeirri þjónustu sem einingunni er veitt auk endurskoðunar.

Í samræmi við ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi, skal kjósa endurskoðanda/endurskoðunarfyrirtæki til fimm ára í senn. Eftir að þeim starfstíma lýkur er óheimilt að kjósa sama endurskoðanda/endurskoðunarfyrirtæki fyrr en fimm árum eftir að starfstíma lauk. Einnig er óheimilt að gegna öðrum störfum en endurskoðun og sambærilegri staðfestingarvinnu fyrir viðkomandi fyrirtæki meðan á starfstíma endurskoðunar standur.

1. janúar 2012 tóku gildi ný sveitarstjórnarlög, þar sem fjallað er um endurskoðun sveitarfélaga. Í lögum er tekið sérstaklega á starfstíma endurskoðenda. Endurskoðendur sem endurskoða sveitarfélög mega ekki endurskoða þau í meira en sjö ár samfelld og þurfa þeir þá að taka samfelld hlé í a.m.k. tvö ár. Þeir samningar sem gerðir voru fyrir gildistöku þessara laga halda gildi sínu í þann tíma sem samningur kveður á um, en þó mest í sex ár frá gildistöku laganna. Við höfum innleitt verkferil þar sem fylgst er með því að þessum lögum sé hlíft.

## Trúnaðartilkynningar

Áhættustýring okkar býður starfsfólki okkar að tilkynna um hegðun sem ekki telst fylgni við reglurnar. Þetta er grundvallarstefna við faglega hegðun okkar og hvetur starfsfólk til að vera heiðarlegt og haga sér í samræmi við faglegar kröfur. Stefnan er byggð á þessum grunni:

Varnir – Þess er gætt að ekki líðist einelti, áreitni eða óheimil hegðun í framhaldi af trúnaðartilkynningu sem gerð var í góðri trú.

Nafnleysi - heimilt er að senda inn nafnlausar tilkynningar og einnig er gætt trúnaðar við aðrar tilkynningar.

Hvatning - fyrirtækið hvetur þá sem hafa orðið vitni að eða gruni ranga hegðun að tilkynna það með viðeigandi hætti innan okkar fyrirtækis.

## Eftirfylgni

Gæðaeftirlit okkar og aðrar aðgerðir við eftirlit veita okkur vissu um að viðeigandi staðlar séu skoðaðir. Árlega eru gerðar prófanir á fylgni við óhæðisreglur Deloitte.

Niðurstöður prófananna eru tilkynntar til stjórnenda DTTL.

# Fjárhagsupplýsingar


## Tekjur

Sala samstæðunnar fyrir reikningsárið 1. júní 2012 til 31. maí 2013 voru tæpir 3,1 milljarðar og greinist þannig eftir starfspáttum (í þús.kr.) :

	2012/2013
● Endurskoðun	1.393.280
● Önnur þjónusta	1.672.243
	<u>3.065.523</u>

Samtals eru tekjur á endurskoðunarsviði 2.330.743 þús. kr. Þar af eru tekjur vegna endurskoðunar 1.393.280 þús. kr. (60% af tekjum endurskoðunarsviðs), en tekjur vegna annarrar þjónustu s.s. reikningsskilapjónustu, bókhaldspjónustu, skattskila o.fl. er 937.463 þús. kr. (40% af tekjum endurskoðunarsviðs).

Skipting heildartekna Deloitte



# Starfskjör eigenda

**Grundvöllurinn fyrir starfskjörum eigenda** byggir á yfirgripsmiklu kerfi, sem hefur það að markmiði að viðhalda góðri frammistöðu hjá eigendum til lengri tíma og ná jafnframt árangri til skamms tíma, í samræmi við stefnu og markmið félagsins. Eftirfarandi mælikvarðar (Balance Scorecard) eru notaðir til að mæla árangur eigenda:

**Vöxtur og arðsemi:** Framlag eigenda til fjárhagslegrar velgengni Deloitte.

**Viðskiptavinir:** Þátttaka í viðskiptapróun og samskiptum við viðskiptavini.

**Starfsfólk:** Framlag eigenda til starfsþróunar og þjálfunar starfsfólks.

**Fagleg færni / gæða- og áhættumál:** Eigendur verða að uppfylla faglegar gæðakröfur og fylgja reglum Deloitte varðandi áhættu- og gæðamál.

**Markaðsmál og innri vinna:** Framlag eigenda til að viðhalda vörumerkinu, þátttaka í félagsstörfum tengdum endurskoðun, stjórnun og leiðtogahlutverk.

Eigendur á endurskoðunarsviði eiga að vera móttækilegir fyrir þörfum viðskiptavina sinna, en afkoma þeirra byggist á engan hátt á annarri þjónustu sem seld er til viðskiptavina þeirra í endurskoðun.

Laun eigenda taka mið af vinnuframlagi þeirra og stjórnunarlegri ábyrgð.

Frammistaða eigenda samkvæmt framangreindum mælikvörðum er mæld árlega. Stjórn félagsins ber ábyrgð á samræmingu í frammistöðumati, en með-eigendafundur samþykkir endanlega niðurstöðu.



# Almannahagsmunir

## Eining tengd almannahagsmunum:

Samkvæmt 7. gr. laga nr.79/2008 um endurskoðendur eru eftirtaldir aðilar flokkaðir sem einingar tengdar almannahagsmunum:

- a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi.

Hér að neðan er skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem Deloitte ehf. hefur annast lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári sem endaði 31. maí 2013:

Akureyrarbær  
Arev verðbréfafyrirtæki hf  
Borgun hf  
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar  
Frjálsi lífeyrissjóðurinn  
HS veitur hf  
Íslandsbanki hf  
Íslandssjóðir hf  
Íslenski lífeyrissjóðurinn  
Jeratún ehf.  
Kópavogsbær  
Lífeyrisauki  
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar  
Lífeyrissjóður bankamanna  
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar  
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja  
Líftryggingafélag Íslands hf  
Lýsing hf  
Reykjanesbær  
Reykjaneshöfn  
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Sandgerðisbær  
Skipti hf  
Sláturfélag Suðurlands svf.  
Snæfellsbær  
Sparisjóður Vestmannaeyja  
Stapi lífeyrissjóður  
Váttryggingafélag Íslands hf.  
Vestmannaeyjabær  
Össur hf





**Deloitte.**



Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kræftir þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðingþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í meira en 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðingráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða gripur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaréttarvarið © 2013 Deloitte Global Services Limited

“Deloitte” is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.

Copyright © 2013 Deloitte Global Services Limited